

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna,
nr. 639/1995, sbr. reglugerð nr. 288/1996 og auglýsingu nr. 200/1997.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðast svo:

Fyrir rannsókn á alþjóðlegri umsókn og rannsókn skv. 9. gr. einkaleyfalaga nr. 17/1991, með síðari breytingum greiðast eftirtalin gjöld: Kr.

- | | |
|--|--------|
| 1) Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá sænsku einkaleyfastofnuninni (PRV), skv. 3. tl. 2. mgr. 51. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT: | |
| a) Ef skýrsla vegna nýnæmisrannsóknar hefur verið gerð og látin í té af sænsku, dönsku, finnsku, norsku eða íslensku einkaleyfastofnuninni vegna eldri umsóknar sem forgangsréttarkrafa er byggð á (afrit af skýrslunni verður að fylgja með umsókn) | 58.500 |
| b) í öðrum tilvikum | 64.000 |
| 2) Viðbótargjald vegna rannsóknar skv. 1. tl., ef umsókn tekur til fleiri en einnar uppfinningar sem eru óháðar hver annarri | 64.000 |
| 3) Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO), skv. 3. tl. 2. mgr. 51. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT | 93.000 |
| 4) Gjöld fyrir alþjóðlega nýnæmisrannsókn („International Type Search“) á íslenskri einkaleyfisumsókn, skv. 9. gr. ell., sbr. 5. gr. rg. ell.: | |
| a) Grunnjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni..... | 58.500 |
| b) Viðbótargjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram 10 | 1.000 |
| c) Grunnjald hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO) | 93.000 |

2. gr.

Gjöld skv. 1. gr. taka til umsókna sem lagðar eru inn frá og með 1. júlí 1997.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í lögum nr. 17/1991 með síðari breytingum og öðlast gildi þann 1. júlí 1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 5. júní 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.